

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. 64. fundur.

að Hlíðavegi 6, 08. október 2009, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Kynning á tillögu að matsáætlun fyrir Kröfluvirkjun II og sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum framkvæmda tengdum álveri á Bakka, fulltrúar frá Landsvirkjun, Mannviti ofl. mæta til fundarins.
3. Starfsumsókn.
4. Erindi frá Vegagerðinni, ósk um breytingu á efnistökusvæði vegna Dettifossvegar.
5. Umsögn skipulags- og bygginganefndar Norðurbings um minniháttar breytingu á Svæðisskipulagi háhitasvæða í Pingeyjarsýslum 2007-2025.
6. Umsögn skipulags- og bygginganefndar Norðurbings um breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996-2015 til samræmingar við samþykkt Svæðisskipulag háhitasvæða í Pingeyjarsýslum 2007-2025.
7. Erindi frá Bandalagi íslenskra leikfélaga dags. 10. sept.
8. Bréf Björns Yngvasonar og Ingibjargar Björnsdóttur dags. 17. sept.
9. Erindi frá Ásmundi og Guðmundi Jónssonum dags. 21. sept.
10. Fundargerð Skólanefndar dags. 22. sept.
11. Drög að samstarfssamningi milli Skútustaðahrepps og Pingeyjarsveitar um samrekstur slökkviliðs og eldvarnareftirlits.
12. Erindi frá sýslumanni dags. 25. sept, þar sem óskað er umsagnar um endurnýjað rekstrarleyfi til handa Sigfúsi Haraldi Bóassyni.
13. Erindi frá Skipulagsstofnun dags. 23. sept., þar sem óskað er umsagnar um tillögu að matsáætlun vegna sameiginlegs mats á umhverfisáhrifum framkvæmda tengdum álveri á Bakka.
14. Erindi frá Skipulagsstofnun dags. 23. sept., þar sem óskað er umsagnar um tillögu að matsáætlun vegna Kröfluvirkjunar II.
15. Leyfislausar byggingar í Mývatnssveit.

- 16. Styrkbeiðni frá Mývatnsstofu f.h. ferðaþjónustuaðila í sveitinni.
- 17. Fundargerð Byggingarnefndar dags. 7. okt.
- 18. Náttúrustofa Norðausturlands.

Til kynningar:

Ályktanir frá Kvenfélagasambandi Íslands.

Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 24. sept.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson, Dagbjört Bjarnadóttir og Böðvar Pétusson.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að málum 16, 17 og 18 yrði bætt á dagskránnu.

Samþykkt samhljóða.

2. Kynnig á tillögu að matsáætlun fyrir Kröfluvirkjun II og sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum framkvæmda tengdum álveri á Bakka, fulltrúar frá Landsvirkjun, Mannviti ofl. mæta til fundarins.

Til fundarins mættu Albert Guðmundsson, Kristján Halldórsson, Hreinn Hjartarson, Auður Andrésdóttir, Haukur Einarsson, Árni Jón Eliasson og Rúnar Bjarnason.

Albert fór yfir málið og fyrirbyggjandi tímaáætlun mats á umhverfisáhrifum annars vegar Kröfluvirkjunar II og hins vegar þeirra framkvæmda sem úrskurðaðar voru í sameiginlegt mat. Rúnar sagði frá vinnu við sameiginlega matið. Ýmislegt rætt.

3. Starfsumsókn.

Með bréfi óskar Lára Ingvarsdóttir eftir að fá að sjá um félagsstarf eldri Mývetninga veturinn 2009-2010. Í bréfinu kemur fram að hún hafi lokið námi sem Félagslíði við Framhaldsskólann á Húsavík s.l. vor.

Sveitarstjórn samþykkir að ráða Láru til starfans fram til næsta vors.

4. Erindi frá Vegagerðinni, ósk um breytingu á efnistökusvæði vegna Dettifossvegar.

Haukur Jónsson f.h. Vegagerðarinnar óskar eftir framkvæmdaleyfi til að taka um 70. þús m³ af efni úr eyrum Jökulsár á Fjöllum, austur af stöð 13000 í frummatsskýrslu um mat á umhverfisáhrifum nýs Dettifossvegar. Fáist leyfi fyrir nýjum efnistökuastað verður ekki farið í efnistöku í námu B9. Í umsögn Umhverfisstofnunar sem fylgir með erindinu kemur fram að umrædd efnistaka hafi minni sjónræn áhrif heldur en efnistaka úr námu B9, auk þess sem Jökulsá muni jafna ummerki eftir efnistöku. Ekki var gert ráð fyrir efnistöku úr

eyrum Jökulsár þegar framkvæmdaleyfi fyrir 1. áfanga að Dettifossvegi var gefið út.

Sveitarstjórn samþykkir að veita Vegagerðinni umbeið framkvæmdaleyfi.

5. Umsögn skipulags- og bygginganefndar Norðurþings um minniháttar breytingu á Svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025.

Skipulags- og bygginganefnd Norðurþings gerir ekki athugasemd við fyrirhugaða breytingu á svæðisskipulaginu.

6. Umsögn skipulags- og bygginganefndar Norðurþings um breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996-2015 til samræmingar við samþykkt Svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025.

Skipulags- og bygginganefnd Norðurþings gerir ekki athugasemd við fyrirhugaða breytingu á aðalskipulaginu.

7. Erindi frá Bandalagi íslenskra leikfélaga dags 10. sept.

Með bréfi dags. 10. september sem sent er öllum sveitarfélögum leitar Bandalag íslenskra leikfélaga eftir hentugu húsnæði fyrir sumarstarf Leiklistarskóla Bandalagsins. Leiklistarskóli hefur verið rekin í 12 ár á vegum Bandalagsins en þungamiðja skólastarfsins hefur verið rekstur sumarskóla ár hvert. Haldin hafa verið námskeið undir stjórn þekktra íslenskra og erlendra leikhúslistamanna í m.a. leiklist, leikstjórn og leikritun, bæði fyrir byrjendur og lengra komna. Fram til þessa hefur sumarskólinn verið rekinn að Húsabakka í Svarfaðardal í góðu samstarfi við Dalvíkurbæ. Helsta ástæða þess að verið er að skoða möguleika á öðru húsnæði nú er að tryggja fötluðum aðgengi að skólanum.

Starfsemin fer þannig fram að haldin eru 3-4 námskeið samhliða í 9 daga um miðbik júnímánaðar. Nemendur auk kennara og skólastjóra hafa verið 40-50 talsins. Hópurinn þarf 1-2 stóra/meðalstóra sali og 2-3 minni fyrir kennslu. Aðstöðu til gistingar auk þess sem þátttakendum er boðið uppá morgun-, hádegis- og kvöldverði ásamt hátíðarkvöldverði í lok tímabils. Í bréfinu kemur fram að allt er til að skoðunar í þeim efnum til að halda kostnaði í lágmarki eins og unnt er en tryggt aðgengi þarf að vera fyrir fatlaða. Í lok bréfs er þess óskað að því verði komið á framfæri við aðra áhugasama innan sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið.

8. Bréf Björns Yngvasonar og Ingibjargar Björnsdóttur dags. 17. sept.

Með bréfi óska Björn og Ingibjörg svara við því hvað líði deiliskipulagstillögu sem þau lögðu fram í sveitarstjórn fyrir rúmlega ári síðan og hreppsþúar hefðu ekki gert athugasemdir við. Rétt er að íbúar sveitarfélagsins gerðu ekki athugasemd við auglýsta tillögu það gerði hins vegar Umhverfisstofnun. Athugasemdin laut að því að ein lóðin á tillögunni er teiknuð upp í gerfigíg en þeir eru friðaðir skv. lögum. Sveitarstjóri og oddviti höfðu tekið að sér að funda með teiknistofunni um þetta mál en ýmislegt verið þess valdandi að af þeim fundi varð ekki fyrr en í síðustu viku. Slíkt er ekki hægt að afsaka og eru þau feðgin beðin velvirðingar á. Nýrrar teikningar er að vænta frá teiknistofunni og verður hún tekin til afgreiðslu í sveitarstjórn þegar hún berst.

9. Erindi frá Ásmundi og Guðmundi Jónssonum dags. 21. sept.

Með bréfi dags. 21. september óska Ásmundur og Guðmundur Jónssynir, Hofsstöðum, eftir framkvæmdaleyfi fyrir borun hitavatnsholu á landi þeirra. Áætluð staðsetning holunnar er um 20m norðan við núverndi íbúðarhús. Umrædd staðsetning er fyrir utan verndarsvæðis Laxár og Mývatns. Markmið með borun holunnar er að finna nægjanlegt heitt vatn til húshitunar. Heilbrigðiseftirlit Ne hefur gefið út tímabundið starfsleyfi. Sveitarstjórn samþykkir erindið.

10. Fundargerð Skólanefndar dags. 22. sept.

Í öðrum lið fundargerðarinnar kemur fram að skólastjóri hafi m.a. sagt frá breytingu á fyrirkomulagi á valfögum nemenda 8-10 bekkjar þar sem tónlistarnám, tómstundir og íþróttastarf barna verði metin til náms. Sjálfsmatsúttekt skólans verður á haustdögum og mun Háskólinn á Akureyri sjá um úttektina f.h. menntamálaráðuneytisins. Skólanámsskrá er í endurskoðun og verður sett á netið síðar. Skólinn mun halda áfram í Olweus gegn einelti og Grænfanaverkefninu. Fundargerðin þarfnast ekki ályktunar við.

11. Drög að samstarfssamningi milli Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar um samrekstur slökkviliðs og eldvarnareftirlits.

Fyrir fundinum liggja drög að samstarfssamningi milli Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar um samrekstur slökkviliðs og eldvarnareftirlits. Þar er gert ráð fyrir að ráðinn verði sameiginlegur skökkviliðsstjóri sem jafnframt sinni eldvarnareftirliti í sveitarfélögunum. Samþykkt að fela sveitarstjóra að ljúka samningsgerð og auglýsa eftir slökkviliðsstjóra.

12. Erindi frá sýslumanni dags. 25. sept, þar sem óskað er umsagnar um endurnýjað rekstrarleyfi til handa Sigfúsi Haraldí Bóassyni.

Erindinu er frestað til næsta fundar.

13. Erindi frá Skipulagsstofnun dags. 23. sept., þar sem óskað er umsagnar um tillögu að matsáætlun vegna sameiginlegs mats á umhverfisáhrifum framkvæmda tengdum álveri á Bakka.

Með bréfi óskar Skipulagsstofnun eftir umsögn sveitarstjórnar um tillögu að sameiginlegu mati á umhverfisáhrifum álvers á Bakka við Húsavík, Þeistareykjavirkjunar, Kröfluvirkjunar II og háspennulína frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka við Húsavík. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við framkomna tillögu.

14. Erindi frá Skipulagsstofnun dags. 23. sept., þar sem óskað er umsagnar um tillögu að matsáætlun vegna Kröfluvirkjunar II.

Með bréfi óskar Skipulagsstofnun eftir umsögn sveitarstjórnar um tillögu að matsáætlun allt að 150 MW jarðhitavirkjunar við Kröflu. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við framkomna tillögu.

15. Leyfislausar byggingar í Mývatnssveit.

Ræddar voru leyfislausar byggingar í Mývatnssveit. Sveitarstjórn er orðin langþreytt á ástandinu og áttar sig hreinlega ekki á því hvernig stendur á að

það skuli heyra til undantekninga að menn óski leyfis fyrir framkvæmdum áður en þær hefjast, eins og kveðið er á um í lögum.

Sveitarstjórn samþykkir að beita 1. mgr. 57 gr. skipulags- og byggingalaga nr. 73/1997 og felur byggingafulltrúa að senda þeim aðilum sem uppvísir hafa orðið að því að reisa byggingar í óleyfi bréf, þar sem viðkomandi verða gefnar fjórar vikur til úrbóta að öðrum kosti verði lagðar á dagsektir kr. 20.000,- á dag.

16. Styrkbeiðni frá Mývatnsstofu f.h. ferðaþjónustuaðila í sveitinni.

Með bréfi er óskað eftir að Skútustaðahreppur styrki uppskeruhátíð ferðaþjónustunnar á Norðurlandi sem haldin verður í Mývatnssveit þetta árið. Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að útfæra nánar með hvaða hætti hátíðin verður styrkt.

17. Fundargerð Bygginganefndar dags. 7. okt.

Liður 1, þar sem óskað er eftir byggingarleyfi fyrir starfsmannahús að Stöng, liður 2, þar sem óskað er eftir byggingarleyfi fyrir reykhus að Hellu, liður 3, þar sem óskað er eftir stöðuleyfi fyrir gám við Múlaveg 2, og liður 8 þar sem óskað er eftir byggingarleyfi fyrir hús við fyrirhugaða borholu að Hofsstöðum, eiga við um Skútustaðahrepp.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu bygginganefndar á liðum 1, 2 og 8. Varðandi lið 3 veitir sveitarstjórn stöðuleyfi einungis til eins árs.

18. Náttúrustofa Norðausturlands.

Með tölvupósti vekur forstöðumaður Náttúrustofu Norðausturlands, Þorkell Lindberg Þórarinnsson athygli sveitarstjórnar á þeim óréttláta niðurskurði sem NN verður fyrir í nýframlögðu fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar. Þar er gert ráð fyrir að framlag til NN verði skert um 64% og er sá niðurskurður fáheyrður og í engu samræmi við sambærilegar ríkisstofnanir. Framlög til annarra náttúrustofa kringum landið eru skorin niður um sem nemur 31% - 43%. Framlög Náttúrurannsóknarstöðvarinnar við Mývatn eru skert um 7%, Hafrannsóknarstofnunar um 10% en Náttúrufræðistofnun Íslands fær 9% hækkun frá fyrra ári og veiðimálastofnun 6% hækkun.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps átelur harðlega þau vinnubrögð sem birtast í nefndu fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar hvað varðar niðurskurð fjárveitinga til náttúrustofanna og krefst þess að sanngirni og réttlæti sé haft að leiðarljósi í þeim efnum. Ríkisvaldinu væri nær að styrkja náttúrustofurnar enn frekar með því t.d. að flytja starfsemi UST til hinna dreifðu byggða landsins.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Margrét Hólm Valsdóttir,

Ingunn Guðbjörnsdóttir

Kristján Stefánsson,

Dagbjört Bjarnadóttir,

Böðvar Pétusson.

